

Fundur í nemendafélagi Hofstaðaskóla 21. janúar kl. 8:30-9:30

Fundarmenn: Aðalmenn, tveir nemendur úr hverjum bekk – 34 nemendur, Krístrún Sigurðardóttir fundarstjóri og Margrét Harðardóttir ritari.

Farið var yfir hver væri tilgangur fundar nemendafélags þ.e. að nemendur kæmu sínum sjónarmiðum á framfæri. Rætt var um að betra væri að nemendur kæmu með skrifaða punkta frá bekkjarfundi. Þannig kæmust sjónarmið alls hópsins til skila. Einnig var farið yfir hlutverk Krístrúnar og Margrétar.

Fulltrúar í þremur bekkjum töldu að ekki hefðu verið haldnir bekkjarfundir í þeirra bekkjum.

Dagskrá:

1. Matsalur
2. Bekkjarfundir og markmið þeirra.
3. Önnur mál

1. Matsalur

Það sem er gott og jákvætt:

- Matsalurinn er nógu stór
- Þægileg staðsetning á grillum
- Maturinn er oftast góður
- Sumum nemendum finnst gott að ráða hvar þeir sitja
- Besti maturinn er tortilla, mexíkósk súpa og hamborgarar
- Sumum nemendum finnst gott að sitja alltaf hjá þeim sömu, annars masa þeir of mikið
- Skipulagið er gott
- Grænmetisbarinn er góður, þó mættu oftara vera bæði grænir og gular baunir
- Skipulag betra eftir að því var breytt

Það sem mætti bæta:

- Það mætti vera grænmetisbar á föstudögum þegar það er grjónagrat fyrir þá sem ekki borða hann
- Glös og hnífapör stundum óhrein
- Maður er skammaður ef maður borðar ekki og vill bara grænmeti
- Bekkjarfélagar ganga ekki frá eftir sig
- Það vantar fleiri örbylgjuofna (var bætt úr því strax í dag)
- Mörgum eldri nemendum finnst of oft grjónagrat
- Er hægt að ráða kokk í skólann?
- Einn starfsmaðurinn oft pirraður og stífur, hefur neitað einhverjum um ábót
- Nemendur óskuðu eftir að í boði væri upp á lax, saltfisk, markrill og að fiskibollur með karrýsösu væru oftara á boðstólnum. Einnig kom fram að oftara mætti bjóða upp á skinkupasta og spaghetti með nautahakki.

- Stungið var upp á að hafa gataspaða í soðnum fiski vegna þess að annars sé hann of slepjulegur (soð og eggjahvíta).
- Allir segjast hafa fundið bein í fiskinum sínum, og jafnvel hár.
- Rætt var um lengd matartíma, flestum fannst hann passlega langur. Eldri nemendur vildu fá að vita hvers vegna þeir mættu ekki fara út strax og þeir væru búnir að borða. Útskýrt var að þá væru yngri ennþá úti og ekki væri hægt að hafa alla úti í einu.
- Óskað er eftir að keyptir séu fleiri kollar.
- Nemendur ræddu um hlaup á göngum og töldu að betra væri að hafa gangavörð á göngunum.
- Sumir vildu horfa á mynd á meðan þeir borða.

2. Bekkjarfundir:

Nemendur voru spurðir hvort þeir vissu hvað bekkjarfundir væru. Flestir töldu sig vita það. Nemendur voru spurðir hvers vegna þeir væru haldnir.

Nemendur svöruðu:

- Maður getur talað um það sem manni finnst
- Allir fá að segja frá, mikilvægt að allir hlusti
- Maður getur sagt hvað er gott
- Manni líður betur eftir að hafa tjáð sig
- Maður getur sagt sína skoðun
- Það er hægt að leysa ýmis mál
- Það má bæta margt ef rætt er um málin
- Allir tala saman og komast að niðurstöðu
- Maður getur tjáð tilfinningar – samt ekki gott að ræða viðkvæm mál
- Gott að hafa bekkjarfundi oft, þá er maður ekki að læra í bókum
- Gagnlegir og skemmtilegir
- Þeir bæta skólann
- Það verður betra hljóð
- Maður hlustar og viðurkennir og er kurteis

Bekkjarfundir eru bara haldnir í einum bekk (skv. nemendum) einu sinni í viku. Sums staðar eru haldnir fundir tvisvar í mánuði. Í öðrum bekkjum eru sjaldan haldnir fundir skv. nemendum. Sumir nemendur vilja hafa bekkjarfundi fast á töflu í hverri viku. Aðrir óska eftir kynjaskiptum fundum.

3. Önnur mál

- Nemendur voru spurðir um hvað þeim fyndist um að stokka upp bekki einu sinni í Hofstaðaskóla líkt og gert er þegar þau fara í Garðaskóla eða Sjálandsskóla. Við handuppréttingu kom í ljós að rúmlega helmingur nemenda voru jákvæðir fyrir því að stokkað væri upp árgangi einu sinni. Þeir sem voru á móti því og tjáðu sig sögðu:
 - Líður vel í bekknum mínum
 - Allir eru vinir mínir

- Nemendur vildu meira val í smíði
- Nemendur óska eftir að fá vegasaltið til baka og jafnvel vantar fleiri vegasölt
- Sumri vilja lengri frímínútur (þá lengist skóladagurinn)
- Starfsmaður í íþróttahúsi flautar oft á þau á göngum og jafnvel inni í klefa. Nemendum finnst þetta óþægilegt.
- Nemendur vilja gjarnan hafa einn bekk í einu í íþróttasal, allavega ekki tvo bekki í bæði skiptin. Óskað er eftir að nemendum sé stundum kynjaskipt í íþróttatímum
- Rætt var um hvers vegna það eru frímínútur - ferskt loft og hreyfing
- Nemendur vilja hafa val um hvort þeir horfa á mynd ef þeir eru inni í frímínútum eða leika sér. Virðist í einhverjum tilvikum bara boðið upp á mynd og sumir fá höfuðverk.

Margrét Harðardóttir fundarritari.